



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2019
R18110253

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvort ummæli eða trúnaðarbrot kjörinna fulltrúa hafi skaðað orðspor Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs þann 29. nóvember 2018 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um það hvort einhverju sinni sl. 10 ár hafi ummæli eða trúnaðarbrot kjörinna fulltrúa skaðað orðspor Orkuveitu Reykjavíkur, þannig að trúverðugleiki fyrirtækisins hafi verið rýrður gagnvart bönkum og fjármögnunarfyrirtækjum með þeim afleiðingum að komið var í veg fyrir lánaþyrngreiðslur.

Svar:

Árið 2011 var Orkuveitu Reykjavíkur gert að greiða 1,5 milljón króna sekt til Kauphallarinnar sökum þess að atriði í aðgerðaráætlun Orkuveitunnar sem lögð var fram í mars sama ár birtust í fjölmiðlum áður en þau voru formlega kynnt. Hjalagt er bréf Kauphallarinnar til Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki var upplýst hvaðan lekinn kom en í kjölfarið var farið í gegnum þann hóp sem hefði aðgang að fundargögnum borgarráðs, aðgangsstýring var hert og í sumum tilvikum hafa gögn verið sérstaklega merkt, m.a. í tengslum við umfjöllun um ársreikning. Önnur dæmi eru ekki um sektir frá þessu tíu ára tímabili. Orkuveitan kann ekki dæmi um að ummæli kjörinna fulltrúa eða trúnaðarbrot hafi haft áhrif á lánaþyrngreiðslur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

NASDAQ OMX Iceland hf. áminnir Orkuveitu Reykjavíkur opinberlega og beitir fívíti, ódags.

NASDAQ OMX Iceland hf. áminnir Orkuveitu Reykjavíkur opinberlega og beitir féviti

NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) hefur ákveðið að áminna Orkuveitu Reykjavíkur („OR“, „útgefandi“ eða „félagið“), opinberlega og beita féviti að fjárhæð kr. 1.500.000 vegna atvika þar sem útgefandi er talinn hafa gerst brotlegur við ákvæði reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga í Kauphöllinni. Er OR, talið hafa brotið gegn ákvæðum 4.1.2, 4.1.3, 4.1.4 og 4.2.1 í reglunum með eftirfarandi háttsemi:

Málavextir:

Þann 29. mars sl. birti OR opinberlega aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda félagsins. Kom þar m.a. fram að fjárförf félagsins væri áætluð 50 milljarðar á árunum 2011-2016. Þar sem komið hefði á daginn að áætlanir um erlenda lánsfjármögnun myndu ekki ganga eftir væri fyrirtækinu um megn að fjármagna sig af eigin rammleik. Í tilkynningunni kom einnig fram að stjórnendur OR hefðu kynnt eigendum félagsins þessa alvarlegu stöðu í janúar 2011 og óskað samstarfs við þá um fjármögnun félagsins. Aðgerðaráætlunin hefði verið afrakstur þess samstarfs og miðaði að því að tryggja rekstur félagsins til frambúðar. Samkvæmt áætluninni væri eigendum ætlað að fjármagna félagið með víkjandi láni til loka ársins 2016 án þess að lánastofnanir kæmu þar við sögu.

Allt frá upphafi árs 2011 birtu fjölmiðlar ítrekað fréttir af því að fjárhagsstaða OR væri mjög bágborin og jafnvel væri hætta á gjaldþroti OR. Skömmu áður en umrædd aðgerðaráætlun félagsins var birt opinberlega birtust í fjölmiðlum nákvæmari fréttir um fjárhagsvanda félagsins og væntanlegar aðgerðir. Þann 28. mars sl., daginn áður en umrædd tilkynning var birt opinberlega, komu fjölmiðlar m.a. fram með þær fréttir að erlend lánafyrirtæki myndu ekki veita OR lán. Enn fremur kom fram að Reykjavíkurborg íhugaði að leggja milljarða króna til OR til að tryggja fjárhag félagsins. Var í þessum efnum vísað til minnisblaðs forstjóra OR sem ritað var þann 23. mars sl.

Í bréfi Kauphallarinnar til OR, dags. 8. apríl 2011, var óskað eftir skýringum útgefanda varðandi nokkur atriði er vörðuðu fyrrgreinda atburðarás og opinbera birtingu á upplýsingum um fjárhagsstöðu OR og aðgengi félagsins að lánsfjármagni. Var þar m.a. farið fram á skýringar á eftirfarandi atriðum:

a. Upplýsingar um erlenda lánsfjármögnun

Óskað var eftir skýringum á því af hverju upplýsingar um að áætlanir um erlenda lánsfjármögnun myndu ekki ganga eftir voru ekki birtar opinberlega fyrr en þann 29. mars 2011. Hvað þetta varðaði vísaði Kauphöllin til þess að umrædd staða virtist hafa verið ljós í byrjun árs 2011. Einnig var farið fram á skýringar á því af hverju umræddar upplýsingar komu fram í fjölmiðlum þann 28. mars, daginn áður en þær voru birtar opinberlega. Loks var farið fram á skýringar á því af hverju upplýsingarnar voru ekki birtar opinberlega um leið og ljóst var að þær hefðu borist fjölmiðlum.

b. Upplýsingar um lánveitingu eigenda til OR

Í bréfi Kauphallarinnar til OR var einnig óskað eftir skýringum varðandi það hvernig opinberri birtingu á upplýsingum um lánveitingu eigenda til félagsins hefði verið háttað. Áður

en umræddar upplýsingar voru birtar opinberlega höfðu ýmsir fjölmiðlar birt upplýsingar um lánveitinguna. Fór Kauphöllin fram á skýringar á því af hverju upplýsingar um lán eigenda til OR voru ekki birtar fyrr en 29. mars 2011 og þá sérstaklega þegar horft væri til þess að áætlunin sem birt var þann 29. mars sl. hefði verið samþykkt af stjórn félagsins þann 23. mars 2011. Einnig var farið fram á skýringar á því af hverju umræddar upplýsingar komu fram í fjölmiðlum þann 28. mars, daginn áður en þær voru birtar opinberlega. Loks var farið fram á skýringar á því af hverju upplýsingarnar voru ekki birtar opinberlega um leið og ljóst var að þær hefðu borist fjölmiðlum.

Skýringar OR bárust Kauphöllinni þann 15. apríl sl.

Reglur Kauphallarinnar

Samkvæmt ákvæði 4.1.2 í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í Kauphöllinni skal útgefandi tryggja að fjárfestar hafi á hverjum tíma aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta myndað sér skoðun á fjárfestingarkostum sem í boði eru. Forsvarsmenn viðkomandi útgefanda skulu því ávallt kappkosta að birta opinberlega þær upplýsingar sem þeir telja að kunni að hafa marktæk áhrif á markaðsverð bréffanna. Samkvæmt ákvæði 4.1.3 skal útgefandi gæta jafnræðis fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem reglurnar ná til og meðhöndla og varðveita með þeim hætti að óviðkomandi hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum áður en þær eru gerðar opinberar. Sú krafa er gerð í ákvæði 4.1.4 að útgefandi birti allar upplýsingar sem reglurnar taka til, án tafar eða eins fljótt og unnt er. Loks kemur fram í ákvæði 4.2.1 að útgefandi skuli kappkosta að birta án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfa hans.

Niðurstaða

a. Upplýsingar um erlenda lánsfjármögnun

Af upplýsingum sem birtar hafa verið opinberlega og svörum OR má draga þá ályktun að óvissa hafi verið um hvort félagið myndi fá erlent lánsfjármagn allt frá upphafi árs 2011. Sést þetta m.a. þegar tilkynning útgefanda frá 29. mars sl. er skoðuð en þar segir:

„Nú hefur hins vegar komið á daginn að **áætlanir um erlenda lánsfjármögnun ganga ekki eftir** og fyrirtækinu er um megn að fjármagna sig af eigin rammleik.“

Í næstu málsgrein á eftir segir enn fremur:

„Stjórn og stjórnendur Orkuveitunnar kynntu eigendum, sveitarfélögunum þremur, þessa alvarlegu stöðu **snemma árs 2011** og óskuðu samstarfs við þá um fjármögnun fyrirtækisins.“

Af þessu má vera ljóst að stjórnendur OR hafi þá þegar í upphafi árs 2011 talið miklar líkur á því að ekki fengist erlend lánveiting til að uppfylla lánsfjárförf félagsins næstu árin. Hvað þetta varðar má enn fremur vísa til áður nefnds bréfs forstjóra OR til stjórnar, dags. 23. mars sl. Í bréfinu, sem aðgengilegt er á vefsíðu OR, eru m.a. raktar helstu dagsetningar í tengslum við undirbúning aðgerðaráætlunarinnar. Þar kemur fram að 10. janúar sl. hafi stjórn OR samþykkt að óska eftir samráði við eigendur um fjármögnun fyrirtækisins vegna krefjandi aðstæðna við rekstur og fjármögnun. Enn fremur er tiltekið að þann 28. janúar sl. hafi

áfangaskýrsla HF Verðbréfa verið lögð fyrir stjórn en í henni hafi komið fram að félagið þyrfti á aðstoð eigenda að halda á næstunni. Umrædd skýrsla var síðar kynnt borgarráði þann 10. febrúar sl. Þann 28. febrúar sl. hafi áhættustýringarhópur Reykjavíkurborgar lagt fram drög að aðgerðaráætlun. Loks hafi það komið fram á fundi með erlendum lánastofnunum í byrjun mars 2011 að fjárhagsstaða OR útilokaði lánaþyrngreiðslu.

Kauphöllin telur að upplýsingar um erlendar lánaþyrngreiðslur til handa OR hafi verið til þess fallnar að hafa marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfa útgefanda. OR hafi því verið skylt að birta opinberlega upplýsingar um það þegar ljóst var að nauðsynlegt lánsfjármagn myndi ekki fást og félagið þyrfti þess í stað að leita eftir aðstoð eigenda. Þegar skýringar OR og upplýsingar frá útgefanda eru skoðaðar nánar virðist þessi staða hafa verið ljós strax þann 10. janúar 2011. Sú staða virðist hafa orðið enn skýrari þegar á leið og í byrjun mars 2011 hafi verið orðið fullljóst að ekki fengist erlent lánsfjármagn og því væri það undir eigendum komið að veita félaginu nauðsynlegt fjármagn til að hægt væri að halda áfram rekstri þess.

Ljóst er af því sem að framan er rakið að viðræður við hugsanlega lánveitendur stóðu yfir þó nokkuð langt tímabil og fjölmargir aðilar komu að þeim samningaumleitunum. Í slíkum tilfellum getur verið vandasamt að meta hvenær tímabært er að birta upplýsingar opinberlega. Útgefandi verður þó ávallt að hafa þá meginreglu í huga að allar upplýsingar sem reglur Kauphallarinnar taka til skal birta án tafar eða eins fljótt og unnt er, sbr. ákvæði 4.1.4 og 4.2.1 í reglunum. Sú skylda hvílir enn fremur á útgefanda að gæta jafnræðis fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem reglurnar ná til og meðhöndla og varðveita með þeim hætti að óviðkomandi hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum áður en þær eru gerðar opinberar, sbr. ákvæði 4.1.3 í reglunum. Útgefandi skal því setja sér skýrar verklagsreglur er taka á tilfellum þar sem upplýsingar hafa ekki verið gerðar opinberar í samræmi við reglur Kauphallarinnar. Slíkar verklagsreglur skulu kveða sérstaklega á um hvernig bregðast skuli við ef upplýsingar berast óviðkomandi áður en þær eru birtar opinberlega. Þess skal enn fremur gætt að útgefanda ber skylda til að birta upplýsingarnar opinberlega um leið og ljóst er að þær hafa borist óviðkomandi aðilum.

Kauphöllin telur að upplýsingaskylda um aðgengi OR að lánsfjármagni kunni að hafa myndast í upphafi árs 2011. Ef útgefandi gat séð fyrir þessa niðurstöðu strax í byrjun janúar 2011 þá bar honum skylda til að birta upplýsingarnar opinberlega þá þegar í samræmi við ákvæði 4.1.4 og 4.2.1 í reglum Kauphallarinnar. Hvað varðar upplýsingar um þennan þátt þá virðist ekki hægt að miða við síðara tímamark opinberrar birtingar heldur en byrjun mars 2011 þegar félagið hafði fengið úr því skorið á fundum með erlendum lánastofnunum að fjárhagsstaða OR myndi útiloka lánaþyrngreiðslu. Kauphöllin lítur það enn fremur alvarlegum augum að upplýsingarnar hafi verið aðgengilegar í fjölmiðlum nokkrum dögum áður en þær voru gerðar opinberar. Þó svo að ákveðnar rangfærslur fylgi slíkum fréttáflutningi gera reglur Kauphallarinnar skýra kröfu um að útgefandi bregðist við þegar það kemur í ljós að upplýsingar sem reglurnar taka til hafa borist óviðkomandi. Í slíkum tilfellum er útgefanda skylt að birta upplýsingarnar opinberlega um leið og ljóst er að þær hafa borist óviðkomandi aðilum.

Eins og fram kemur hér að ofan telur Kauphöllin að upplýsingaskylda kunni að hafa myndast í byrjun janúar 2011. Það sé þó ljóst að í þessu sambandi sé ekki hægt að miða við síðara tímamark en byrjun mars 2011. Með því að draga upplýsingagjöf til 29. mars sl. hafi útgefandi brotið gegn ákvæðum 4.1.2, 4.1.4 og 4.2.1 í reglum Kauphallarinnar. Enn fremur telur Kauphöllin að opinber birting upplýsinganna hafi dregist óhóflega frá því tímamarki sem þær komu fram í fjölmiðlum. Var útgefanda í lófa lagið að birta opinberlega tilkynningu um leið og ljóst var að upplýsingarnar höfðu borist óviðkomandi. Telur Kauphöllin að með því að

bregðast svo seint við hafi útgefandi brotið gegn jafnræði fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem reglur Kauphallarinnar ná til, sbr. ákvæði 4.1.3 í reglunum.

b. Upplýsingar um lánveitingu eigenda til OR

Ljóst er af því sem að framan er rakið að samkomulag um aðgerðaráætlun OR og lánveitingu henni tengdri átti sér þó nokkurn aðdraganda og komu fjölmargir aðilar að undirbúningi hennar. Í slíkum tilfellum getur verið vandasamt að meta hvenær tímabært er að birta upplýsingar opinberlega. Útgefandi verður þó ávallt að hafa þær meginreglur í huga sem eiga við samkvæmt reglum Kauphallarinnar og fjallað er um hér að ofan.

Í skýringum útgefanda kemur fram að orðrómur um fyrirhugaða aðgerðaráætlun og lánveitingu eigenda til OR hafi fyrst birst í fjölmiðlum þann 25. mars sl. Kauphöllin telur að umræddar upplýsingar hafi verið til þess fallnar að hafa marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfa OR, óháð því hvort fullnaðarákvörðun hafði verið tekin um aðgerðirnar. Þó svo að ákveðnar rangfærslur geti fylgt slíkum fréttaplutningi í fjölmiðlum gera reglur Kauphallarinnar skýra kröfu um að útgefandi bregðist við þegar það kemur í ljós að upplýsingar sem reglurnar taka til hafa borist óviðkomandi. Í slíkum tilfellum ber útgefanda skylda til að birta upplýsingarnar opinberlega um leið og ljóst er að þær hafa borist óviðkomandi aðilum. Í slíkri tilkynningu hefði verið unnt að birta lýsingu á þeim fyrirvörum sem enn voru til staðar varðandi ákvörðunartökuna og mat útgefanda á þeim. Með því hefði það verið lagt í hendur fjárfesta að meta óvissuna út frá þeim upplýsingum sem útgefandi bjó yfir á þeim tíma.

Umræddar upplýsingar voru birtar opinberlega með tilkynningu þann 29. mars, kl. 15:15. Kauphöllin telur að opinber birting upplýsinganna hafi dregist óhóflega frá því tímamarki sem þær komu fram í fjölmiðlum. Var útgefanda í löfa lagið að birta opinberlega tilkynningu, með fyrirvörum, um leið og ljóst var að upplýsingarnar höfðu borist óviðkomandi. Telur Kauphöllin að með því að bregðast svo seint við hafi útgefandi brotið gegn jafnræði fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem reglur Kauphallarinnar ná til, sbr. ákvæði 4.1.2, 4.1.3, 4.1.4 og 4.2.1 í reglunum.

Ákvörðun Kauphallarinnar vegna brota Orkuveitu Reykjavíkur

Kauphöllin áminnir Orkuveitu Reykjavíkur opinberlega og beitir févíti að fjárhæð kr. 1.500.000 fyrir ofangreind brot á reglum Kauphallarinnar. Kauphöllin álítur að með háttsemi sinni hafi útgefandi gerst brotlegur við ákvæði 4.1.2, 4.1.3, 4.1.4 og 4.2.1 í reglunum.

Ákvörðun um opinbera áminningu og beitingu févítis er tekin á grundvelli samnings OR við Kauphöllina um töku fjármálagerninga útgefanda til viðskipta í Kauphöllinni, sbr. ákvæði 8.3 í reglum Kauphallarinnar. Í 4. tölulið ákvæðisins segir meðal annars að vegna brota útgefanda á reglum Kauphallarinnar sé Kauphöllinni heimilt að birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál. Í 6. tl. er heimild fyrir Kauphöllina að beita útgefanda viðurlögum í formi févítis.